

SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

fyrir íþróttamannvirki, líkams- og heilsuræktarstöðvar

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir skipulagða starfsemi þar sem almenningi er boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar, líkamsæfinga eða íþróttaiðkunar, svo sem íþróttahús, íþróttamiðstöðvar, íþróttavelli og líkams- og heilsuræktarstöðvar. Jafnframt gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi fyrir ofangreinda starfsemi.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framar starfsskilyrðum.

2 Aðstaða

2.1 Búnings- og baðaðstaða, snyrtingar

Gestir skulu hafa greiðan aðgang að búningsherbergi með baðaðstöðu.¹

Gestir skulu hafa aðgang að fullbúnum snyrtingum.²

Í nýju húsnæði eða eftir meiriháttar breytingu á húsnæði sem ekki fellur undir venjubundið viðhald húsnæðis, skal vera til staða kynhlutlaus búningsaðstaða með munaskáp, salernis- og baðaðstöðu sem nýtist m.a. þeim sem þurfa sérstaka aðstöð eða sértækan búnað. Að lágmarki einn slíkur sérklefi skal vera hannaður á grundvelli algildrar hönnunnar.³

¹ Rg. 903/2024, 38. gr.

² Rg. 903/2024, 38. gr.

³ Rg. 903/2024, 38. gr.

2.2 Önnur aðstaða

Um baðstofur, setlaugar, iðulaugar og köld ker sem iðkendur og viðskiptavinir hafa aðgang að og eru hluti af rekstri staðarins fer samkvæmt reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.⁴

Baðstofa skal loftræst á viðeigandi hátt og þannig gengið frá hurðum að þær opnast auðveldlega út úr klefanum. Lýsing skal vera í klefanum og neyðarhnappur auk mæla sem sýna raka- og hitastig. Mælar skulu þannig staðsettir að gestir eigi auðvelt með að fylgjast með þeim. Á klefanum skal vera gegnsætt efni, sjónop eða á annan hátt mögulegt að hafa eftirlit vegna öryggis gesta sem í klefanum dvelja. Aðgangur skal vera að sturtu í beinum tengslum við baðstofu. Hitagjafar, ofnar og útstreymisop skulu varin þannig að ekki sé hætt á að af þeim hljótist slys. Þar sem jarðgufa er notuð beint til upphitunar skal gæta þess að styrkur hættulegra gastegunda verði ekki of hár. Styrkur brennisteinsvetnis skal ekki fara yfir 10 ppm.⁵

Til staðar skal vera neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og öryggisreglur og skulu allir starfsmenn upplýstir um þær. Öryggisreglur skulu vera sýnilegar gestum.⁶

Merkja skal greinilega hitastig í setlaugum og köldum kerjum og aðra þætti sem varða öryggi og slyshættu.⁷

Vatn sem notað er í laugar skal uppfylla örverufræðilegar kröfur sem gerðar eru til neysluvatns. Vatn í laugum skal hreinsa og sótthreinsa. Styrkur klórs, sýrustig, endurnýjunarhraði og síunarhraði vatns í laugum skal vera í samræmi við kröfur. Köld ker þarf ekki að sótthreinsa ef heilnæmi vatnsins er tryggt á annan hátt.⁸

3 Sérstakt hreinlæti

Eins og við á skal hreinsa og sótthreinsa tæki, áhöld og búnað sem getur komist í snertingu við notendur eða viðskiptavini með viðeigandi efnum og aðferðum eftir notkun og á milli notenda eða viðskiptavina.⁹

Innanhússgervigrasvelli skal þrifa reglulega.¹⁰

⁴ Rg. 814/2010, 1. gr.

⁵ Rg. 814/2010, 10. gr.

⁶ Rg. 814/2010, 11. gr.

⁷ Rg. 814/2010, 12. gr.

⁸ Rg. 814/2010, 16. gr., 17. gr., II. viðauki.

⁹ Rg. 903/2024, 14. gr., 32. gr.

¹⁰ Rg. 903/2024, 38. gr.

Fylgja skal notkunarleiðbeiningum á umbúðum sótthreinsivara til að tryggja fulla og rétta virkni þeirra og að ekki hljóti af þeim skaði. Vörur skulu uppfylla kröfur reglugerðar um sæfivörur.¹¹

4 Smitgát, öryggi og slysavarnir

Starfsfólk skal hafa þekkingu og hæfni í almennum sóttvörnum, öryggisþáttum og skyndihjálpi og viðhalda færni sinni og þekkingu m.a. með því að sækja reglulega viðeigandi námskeið.¹²

Viðurkenndur sjúkra- og skyndihjálparbúnaður skal vera til staðar.¹³

¹¹ Rg. 878/2014.

¹² Rg. 903/2024, 38. gr.

¹³ Rg. 903/2024, 38. gr.